

ber fógætanum í Suður-Múlasýslu að framkvæma, eða láta framkvæma lögtak hjá stefnda C. D. Tulinius. Eftirfólger fyrir aukáútsvari til Reyðarfjarðarhrepps frá árinu 1909 að upphæð 300 kr. Stefndi greiði málfutningskaup til hins skipaða málfærslumanns áfryjanda, Odds yfirréttarmálfutningsmanns Gíslasonar, 25 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagri aðför að lögum.

Nr. 14/1912:

Hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps

gegn

Torger og Fridrik Clausen.

D ó m u r :

Haustið 1909 lagði hreppsnefndin í Reyðarfjarðarhreppi aukáútsvar á »sild, er menn nokkrir veiddu með nót fyrir landi hreppsins« þá um sumarið, þar á meðal 200 kr. aukáútsvar á stauranótafélag í Hólmaþót, er hinir stefndu Torger og Fridrik Clausen áttu eða veittu forstöðu. Hinir stefndu neituðu að greiða útsvarið með því að heimili þeirra og allur atvinnurekstur væri í Eskifjarðarhreppi, og krafðist þá hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps þess með bréfi 25. okt. 1910, að það væri tekið lögtaki. Kom málið fyrir fógætarétt Suður-Múlasýslu 12. jan. 1911, en þá vék hinn reglulegi fógæti sæti í réttinum. Var síðan málið tekið fyrir af settum fógæta 5. desbr. 1911, og úrskurður kveðinn upp í því 30. s. m. á þá leið, að kröfu

hreppsnefndarinnar var hrundið, og fekk lögtakið eigi framgang. Þessum úrskurði fógætaréttarins hefir hreppsnefndin skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 4. apríl þ. á., og hefir hún fengið til þess gjafsókn, og skipaðan málfutningsmann; hefir hann krafist þess fyrir hönd hreppsnefndarinnar, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi feldur og fógæti dæmdur til að framkvæma hið umbeðna lögtak, og að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða allan kostnað málsins að skaðlausu eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talin hæfileg ómakslaun til málfærslumannsins. Hinir stefndu bræður, Torger og Fridrik Clausen, hafa hins vegar krafist þess, að fógætaréttarúrskurðurinn verði staðfestur, og áfrýjandi, hreppsnefndin, dæmd til þess að greiða þeim hæfilegan málskostnað, eftir mati réttarins.

Það er sannað í málinu og viðurkennt af hinum stefndu, að þeir hafa sumarið 1909 um all-langan tíma, liðuga 4 mánuði eftir sögn áfrýjanda, haft botnvörpu eða stauranót til að veiða síld í örskamt undan landi í sjónum innanvert við túnið á Hólumum í Reyðarfjarðarhreppi. Áminst nót, eða öllu heldur kví, var svo gerð, að staurar voru reknir niður í sjávarbotninn í hring með c. 3 faðma millibili og á þá strengd botnvarpa, er myndaði botninn og hliðarnar á þessari veiðikví; op var á kvínni, þar er að landi vissi, og gekk veiðin þar inn í kvína; svo var enn fremur nót strengd á trjám frá kvínni til lands. Þetta veiðarfæri notuðu hinir stefndu til að afla síldar sumarið 1909. Hinir stefndu hafa þannig rekið síldarveiði með nót sem fyrirtæki eða atvinnu í Reyðarfjarðarhreppi sumarið 1909, og var hreppsnefndinni þar fyrir heimilt að leggja á þá aukaútsvar til hreppsins samkvæmt lögum nr. 43,

10. nóvember 1905, 36. gr. 2. másl., þrátt fyrir það, þótt þeir ættu heimili í öðrum hreppi við sama fjörð og eigi hefðu aðsetur eða dvöl í Reyðarfjarðarhreppi, og án tillits til þess, að ekkert af síldinni, sem þeim aflaðist, var flutt á land í þessum hreppi. — Það verður fyrir því að fella hinn áfrýjaða fógetaúrskurð úr gildi, og leggja fyrir fógötana að framkvæma eða láta framkvæma hjá hinum stefndu lögtak fyrir áminstu aukautsvari. Svo verða hinir stefndu og eftir þessum úrslitum málsins að greiða málfærslukaup til hins skipaða málfærslumanns hreppsnefndarinnar fyrir yfirdómi, er ákveðst 25 krónur, en að öðru leyti fellur málskostnaður niður. Það vottast, að sókn málsins fyrir yfirdómi hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Fógetaréttarúrskurðurinn skal úr gildi feldur, og ber fógötanum í Suður-Múlasýslu að framkvæma eða láta framkvæma lögtak hjá hinum stefndu, Torger og Fridrik Clausen, fyrir aukautsvari til Reyðarfjarðarhrepps frá árinu 1909, að upphæð 200 krónur. Hinir stefndu greiði málfærslukaup til hins skipaða málfærslumanns áfrýjanda, Odds yfirréttarmálaflutningsmanns Gíslasonar, 25 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.